

Hefn þú nú, drottinn!

SJÖ ALDA DÁNARMINNING.

1237 — 16. marz — 1937.

Guðmundur biskup góði var harður og heitur í lund. Þegar hann fæddist og rödd hans heyrðist, varð það vitrum manni að orði, að sveinninn mundi verða fáum mönnum líkur, „ok kallaði sér bjóða ótta mikinn“ af þeim barnsgrát.

Uppruni og þroskasaga Guðmundar sýna það, að forlögin vildu ekki gera hann meðalhófsmann. Hann var af stórbrotu höfðingjakyni. Frændur hans eru kunnir fyrir óeirðir og kvennafar, en jafnframt vaskleik og nokkur drengileg verk. Hann var í æsku „ólatr mjök, ok þótti þat þegar auðsætt, at honum mundi í kyn kippa um athöfn hans og ódælleika, því at hann vildi ráða at sínum hluta, ef hann mætti, við hvern er hann átti; en fyrir þat var fóstri hans harðr við hann ok réð (= refsaði) honum mjök“. — Guðmundur hafði misst föður sinn ungur.

Hann var óskilgetinn. Frændur hans sviptu hann arfi, en létu hann í staðinn læra til prests nauðugan. Hann var barinn til bókar, en þótti lítt skipta um skaplyndi við það.

Guðmundur lenti í skipbroti við Hornstrendur 19 vetra gamall. Hann féll við áfall, er alda reið yfir skipið, og gat ekki reist sig né forðað sér, þaðan sem hann lá. Spurt var, hvort hann væri meiddur. Hann svaraði: „Eigi veit ek, ekki kenni ek til“. Þá var athugað. Annar fóturinn var mölbrotinn og þannig snúinn, að tær vissu aftur, en hællinn fram. Brotið greri illa. Síðla vetrar gekk Guðmundur suður í Steingrímsfjörð á fund fóstara síns, sem hann unni mjög. Það eru nokkrar dagleiðir, erfiðar heilfættum manni. Á

Guðmundi stóðu leggjabrotin enn út úr fætinum, en hindruðu ekki för hans.

„Eigi skal haltr ganga, meðan báðir fætr eru jafnlangir“, er haft eftir Gunnlaugi, syni Gilsbakkagoðans, og þótti hreystimark.

Þrem árum síðar kemur Guðmundur við opinber mál á fremur óklerklegan hátt. Hann lét einn af venzlamönnum sínum fela sér sókn í vígsmáli. Guðmundur gerði vegandann sekan skógarmann á þingi og reyndi síðan að ráða honum bana. Guðmundi þótti metnaður sinn liggja við, ef hann fylgdi ekki málinu hlífðarlaust að höfðingjasið, og hafði bæði skapraun og áhyggjur af því, þegar skógarmaðurinn fékk sér vernd hjá sveitarhöfðingja einum og lifði eins og sýkn maður. Þá hét hann að gefa til guðspakka allt, sem sér auðnaðist að fá af sektum fyrir bjargir við skógarmanninn og í lausnargjald fyrir hann, ef hann yrði leystur úr skógi. Heitið hreif; það var sætt á málin, án þess að Guðmundur minnkaði metnað sinn eða lenti í vígaferlum.

Höfðingjar landsins voru margir klerkvígðir um þetta leyti og réðu goðorði jafnframt prestsstörfum. Páll Jónsson er gott dæmi um stórættaðan, harðfylginn goða, sem gengur í þjónustu kirkjunnar og vinnur fé og frama. (Skálholtsbiskup 1195—1211).

Slíkt hefði verið Guðmundi að skapi, en hann átti þess engan kost að fara með völd. Hann bjóst til prestsvígslu og tók hana hálfþritugur (1185). Eftir það réðst hann sem leiguprestur á ýmsum stöðum, og brátt fór að fara orð af honum, ekki fyrir heilagleik, eins og gefur að skilja, heldur

fyrir skörulega kennimennsku og örlæti. Hvort tveggja var honum að vísu ættgengt, og stórmannlegt var að efna ríkulega heitið um lausnargjald skógarmannsins, en mönnum gat ekki dulizt, að hann yfirsteig þau takmörk, sem fjáraflakirkjan íslenska setti leigupresti. Hann gaf allt, sem honum var heimilt að gefa, sumir sögðu meira, og fór með kenningar, sem vöktu óróa. Hann boðaði mildi guðs og helgra manna við fátæka alþýðu og strangleik drottins við stríðlynda, ásælna höfðingja. Hann afneitaði ekki ættmönnum sínum, sem gert höfðu bann réttlausan sem óskilgetning. En hann lagði höfðingborið, ósættandi hatur á lífsskoðun þeirra. Hvar sem það hatur birtist, sver hann sig í ætt.

Prestsárin voru gæfutíminn í lífi Guðmundar. Hann naut hæfileika sinna og náði þjóðhylli. Höfðingjar fóru jafnvel að gefa honum hjúrt auga, einkum frændur hans og mágar, og hann sat löngum á Víðimýri með Kolbeini Tumasyni, ungum ættarhöfðingja, gáfuðum og framgjörnum. Þorgeir sonur Brands biskups Sæmundarsonar var annar maður líklegastur til mannaforráða í Skagafirði. Kolbeinn og Þorgeir áttu systur tvær, dætur Þorvarðs föðurbróður Guðmundar. Þess vegna hændu þeir Guðmund að sér, og Þorgeir varð ástvinur hans. Það er ekki ólíklegt, að framavonir Guðmundar hafi mjög verið bundnar við þá vináttu, og að rekja megi til þessara ára hugmyndina að gera Guðmund biskup eftir Brand Sæmundarson.

En Þorgeir dó skyndilega. Guðmundi brá við, „ok þat fell honum svá nær, at nálíga mátti kalla, at hann skiptisk í annan mann at mörgu eðli síðan. — —

Hann gerðisk þá mikill trúmaðr í bænahaldi ok tíðagerð ok harðrétti ok örlæti, at sumum þótti halda við vanstilli“. Hvort sem orsökinn var vinarmissirinn, brostnar vonir eða sinnaskipti, sem hafa lengi verið búin að grafa um sig í undirvitund Guðmundar, er það víst, að hér er um bylting að ræða í sál hans og trúarhvörf. Séra Magnús Helgason hefur

orðað það svo, að „upp frá því sé heimurinn honum ekkert, en guðs ríki allt.“

Vegur Guðmundar óx, líklega mest af því, að enginn skildi hann til fulls, né renndi grun í afleiðingarnar af trúarstefnu hans. Sumir hæddu hann, en hann var hafinn yfir háð, og það sakaði hann ekki. Það er eins og hann hafi snortið flesta mætustu menn sinna tíma með persónuleik sínum. Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri og Þórður Sturluson á Stað voru aldavinir hans. Snorri Sturluson í Reykholti, bróðir Þórðar, sýndi Guðmundi síðar það vinarbragð, að hann hélt hann heilan vetur með virðingu. Brandur biskup hafði hann lengi að skriftaföður sínum. Nú hófust ferðir Guðmundar um landið. Vinir hans buðu honum hvarvetna heim. Alþýða treysti betur fyrirþænum hans en annara. Hann réð fram úr vandamálum, lagði hendur yfir sjúka með góðum árangri, fór með yfirsöngva og vígslur, og svo mikill máttur fylgdi honum, að sumum þótti nálgast kraft heilags manns. Með andríki hans og skaphita varð þetta áhrifaríkt.

Það óx ný trúaralda kring um Guðmund Arason fyrir aldamótin 1200. Kraftaverkasögur og vitranir eru skráðar, helgi Þorláks Skálholtsbiskups og Jóns Hólabiskups kemur upp og er viðurkennd af biskupum og alþingi með atbeina Guðmundar. Pílagrímögöngur tíðkast suður í lönd. Krossferðaólga Norðurálfunnar berst með pílagrímum hingað. Ægivald Innocentiusar páfa 3. og förumunkahreyfing Franz frá Assisi taki að verka á Guðmund Arason og samherja hans. Þetta gefur honum tilfinning um almætti heimskirkjunnar, réttvísi hennar, rangsleitni veraldlegra höfðingja og siðbótarþörf hinnar íslensku kirkju, sem höfðingjar höfðu stofnað og þjóðnýtt sjálfum sér til eflingar.

Þorlákur biskup hafði barizt fyrir réttindum kirkjunnar. Helgun hans þýðir viðurkenning þjóðarinnar á réttmæti þeirrar baráttu og var mesti sigur íslenskrar kirkju á dögum Guðmundar.

Samt var tilgangslítið, eins og á stóð, að reyna að framfylgja kröfum Þorláks til

hins ýtrasta. Guðmundur reyndi aldrei verulega til þess. Og um það bil sem helgi biskupanna kom upp, var Guðmundur hógvær prestur og frábitinn deilum; hann vildi starfa að trúmálunum í sátt og samvinnu við æðri og lægri. Harka hans snýst inn á við og lýsir sér aðeins í siðferðiskröfum, eins og þeirri að þola heldur ósigur og ofríki en að spilla málstað sínum með hefndartilraunum. Hefndarþrár hans sjálfs voru ríkar og erfitt fyrir metnað hans að liggja undir lítilsvirðing, en það vildi hann heimta af sér og hverjum kristnum manni. Sigurður Ormsson kvartaði við hann undan hrakförum, sem hann hafði farið fyrir Sæmundi í Odda. Guðmundur svaraði: „Þú mátt vel við una, at þú hafir góð málaefni ok hafir þú af því ámæli, er þú gerir vel, en hann af því lof, er hann gerir illa ok fylgir röngu at með ofríki“. — En sú stund nálgadist, er Guðmundur braut þetta boðorð sitt.

Við lát Brands biskups 1201 réð Kolbeinn Tumason því, að Guðmundur Arason var kosinn biskup. Þá bjóst Kolbeinn við að ráða öllu, sem hann vildi, í kirkjumálum Norðlendinga, því að Guðmundur hlyti að verða eins afskiptalaus og hann var yfirlætislaus.

Guðmundur neitaði að gangast undir þennan vanda. „Hví sætir þat?“ kvað Ögmundur sneis Þorvarðsson, mágur Kolbeins, en bræðringur Guðmundar.

Guðmundur prestur mælti: „Því, at mér sýnisk vandi fylgja mikill at eiga við marga menn óhlýðna ok öfundarfulla ok ríka. Eða muntu nú verða oss hlýðinn. ef vér vöndum um ráðit þitt?“ Ögmundur svaraði snögg: „Hvers [manns] vandræði skaltu heldr ábyrgjast en mín“. — Ögmundur var óeirðasamur höfðingi og frekur til kvenna. Samt bætti hann við: „En þó at ek sé þér óhlýðinn, þá mun ek þó öllum öðrum óhlýðnari — ok viljum vér eigi annan biskup en þik“. Ögmundur treysti mildi frænda síns og hélt, að biskupstignin mundi lyfta ættinni allri til vegs. Hik Guðmundar kemur enn betur í ljós í langri samræðu milli hans og Þorvarðs gamla, ættarhöfðingjans. „Ek

þykkjumk“, kvað Þorvarður, „eiga at sjá fyrir þér ok vera forsjámaðr þinn, ok vil ek ráða.“

Guðmundur mælti móti, en þó má sjá hvernig ættarhyggjan og beiskjan gegn ættinni berjast í sál hans og gera hann óákveðinn. Þegar hann hafði sannfærzt um, að það var almenningsvilji og samþykkt af Páli Skálholtsbiskupi, að hann settist á Hólastól, þóttist hann skilja, að þetta væri guðs vilji. Hann tók við kjörinu. Kolbeinn tók þegar undir játunina: „Mæltu allra manna heilastr“.

Um kvöldið var honum búið hásæti, og breiddi Kolbeinn sjálfur dúk á borðið fyrir hann. En svo vildi til, að dúkurinn var slitinn, og Kolbeinn baðst afsökunar. Guðmundur svaraði brosandí: „Ekki sakar um dúkinn. En þar eptir mun fara biskupdómur minn, svá mun hann slitinn vera sem dúkrinn“. En Kolbeinn þagði við.

Þetta kvöld er eins og Guðmundur sjái fram í tímann hálfan fjórða áratug. Við sjáum mynd hans við ævilokin. Hann situr í lítilli stofu á Hólum, sjónlítill, hrumur og auðsveipur gagnvart örlögnum. Tveir prestar eru með honum og unna honum. Annars ræður hann engu og er varla frjáls ferða sinna. Einnig það kann að vera vilji guðs. Biskupdómur hans hafði byrjað að vilja guðs og farið eins og Guðmundur vissi, að hann hlaut að fara. Hví skyldi það ekki allt vera vilji guðs? — Guðmundur reynir að líkna bágstöddum við og við, syngur annars lengstum sálma eða hlustar á helgar sögur. Hann er aftur hinn þolinmóði guðsmaður prestsáranna. „Lifði hann þá líkara hljóðlátum ok rólyndum einsetumanni, heldr en barðlyndum ok hlutsömum lýðbiskupi, sem óvinir hans höfðu orð á.“ Þannig andaðist hann 16. marz 1237 og lét leggja sig á gólf í dauðanum. „Hann sagði hvern mann í berri moldu eiga at andask“.

Guð heiti ek á þik,
at þú græðir mik;
minnstu mildingr mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramr,

ríklyndr ok framr,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Tígulegri bæn er ekki til í íslenzkri fornkristni. „Hjartaborg“ skáldsins er harmþrungin. Röðla gramur — konungur himintunglanna — getur einn læknað, því að hann er stórlyndur og líknframur. Kvæðið, sem þetta er úr, getur komið manni til að harma það, að skáldið varð ekki biskup á Hólum. Hann féll á Hólum ungur, bannfærður og við illan málstað. Sögnin telur kvæðið ort síðustu nótt hans í samvizkukvölum, þó áður en hann grunaði dauða sinn og án þess, að honum kæmi til hugar að gefa upp málstað sinn. Þannig endar harmsaga Kolbeins Tumasonar, velgerðamanns og síðar fjandmanns Guðmundar Arasonar.

Hvorki Guðmundur né Kolbeinn rúmast í þessari grein og ekki nema meginatriði misklíðarinnar. Kolbeinn tók undir sig öll völd á Hólum, þegar Guðmundur hafði verið kjörinn biskup. Guðmundi sárnaði ofríkið, en hélt sér í skefjum og mælti, er ráðsmaður undraðist afskiptaleysi hans: „Eigi þykki mér sjá beztr at hlutask til, en ráða engu“. Eftir fyrsta veturinn vildi Kolbeinn uppræta þá fæð, sem með þeim var orðin, og auka frelsi Guðmundar. Guðmundur svaraði: „Góð eru góð orð.“ Guðmundur leysti sig þannig undan fjárförðum Kolbeins, að hann fékk stjúpföður hans til búsförðna með sér og þótti betra við hann að semja. Síðar tók Guðmundur biskup öll ráð í eigin hendur og lét sig varða smátt og stórt í biskupsdæmi sínu. Þá kom í ljós, að Guðmundur var allt annar maður en sá meinlausí hjárænklerkur, sem Kolbeinn hélt hann væri. Áður en varði, sló í harðar deilur með þeim. Guðmundur hélt fram dómsvaldi kirkjunnar yfir klerkum, samkvæmt kirkjulögum, en Kolbeinn lét íslenzk lög ná yfir þá. Biskup gekk eftir framkvæmd íslenzkra laga um tíund, kirknafé og fátækraframfæri, en vinum Kolbeins þótti hart, að biskup skyldi ekki láta þá sitja í friði og frelsi fyrir slíkum

málum. Báðir aðilar þoldu illa mótstöðu. Bannfæringar Guðmundar og skóggangssektir Kolbeins hertu á hnútunum. Þegar Kolbeinn safnaði liði til að reka biskup frá Hólum, urðu nokkur vopnaskipti, og Kolbeinn féll. Vorið eftir, 1209, söfnuðu flestir höfðingjar landsins her gegn Guðmundi og sóttu hann heim. Þá varð að vonum lítið um, varnir á Hólum. Biskup varð að flýja biskupsdæmi sitt og sat með Snorra í Reykholti næsta vetur, en bannað alla messugerð á Norðurlandi, sakir ofbeldis, er kirkjunni hafði verið sýnt. Menn skiptust mjög í tvo hópa eftir þetta, með og móti biskupi. Hefnendur Kolbeins vógu ekki aðeins menn úr liði Guðmundar, heldur lögðu undir sig völd og tekjur biskups, eins og unnt var. Mörgum var ljúfara að borga biskupstíund og stólsjarðaleigur til að fá að vera biskupslausir, heldur en til þess að eiga biskup yfir sér. Aðrir stjórnhollari menn bera jafnan mest trúnaðartraust til þeirra, sem í þann svipinn hafa völdin og skattheimtuna, hvað sem réttisýni líður. Samt héldu margir tryggð við Guðmund biskup undir niðri, og um hann safnaðist flokkur manna, sem vildu berjast með honum við hvaða ofurefli sem var og láta skeika að sköpuðu.

Guðmundi er venjulega kennt meir um ófriðinn en andstæðingum hans og lítið á hann sem uppreisnarmann. Það má vel. En þó var sú uppreisn embættisskylda manns, sem hafði hugmyndir Guðmundar um biskupsvaldið og hlutverk kirkjunnar. Hitt er annað mál, að Guðmundur var, eins og hann vissi, er hann neitaði kosningu, illa fallinn til baráttunnar. Hann átti hugsjónir, en skorti skipulagsgáfu í friði og herstjórnarhæfileika í ófriði. Hann átti persónulegt áhrifavald yfir mönnum, en mistókst jafnan, er á reyndi, að tryggja sér fylgi þeirra samherja, sem hefðu getað ráðið fram úr málunum. Af góðsemi sinni leyfði hann stundum hundruðum beiningamanna og annara öreiga að fylgjast með sér og varð þá heldur en ekki þungur á föðrunum, þar sem hann gisti. Fylgdarmenn hans öfluðu sér nauðsynja

líkt og herflokkar voru vanir á þeirri öld, og rændu stundum vini hans. Fyrir kom, að hann bætti rán, og oft sárnaði honum við menn sína. Öreigaherinn útigengni átti sér varla nokkra sigurvon. Skortur og örvilnun réðu forlögum hans.

Bændauppreisnir miðalda voru allar trúarlegs eðlis öðrum þræði. Kristinn boðskapur um réttlæti á jörðu varð til að kveikja þær, hvort sem þær snerust síðan gegn veraldlegri yfirstétt eða hinni fjármögnuðu, yfirdrepsfullu kirkju. Sögulegustu dæmin um það gerast 1-3 öldum eftir daga Guðmundar (Jacquerie-styrjöldin á Frakklandi 1358, uppreisn Wat Tylers og annara Wycliffe-sinna á Englandi 1381, barátta alþýðu um siðaskiptin í Svíþjóð, á Jótlandi og víða um Þýzkaland, vakin af lútherskum anda, brotin á bak aftur af lútherskum yfirvöldum).

Hreyfing Guðmundar er engin undantekning. Það mætti spyrja, hvers vegna hún komi svo snemma á öldum hér á landi, en aldrei síðan. Líklega er ástæðan sú, að bæði fjárhagsleg og andleg þróun 12. aldar á Íslandi hefir verið hraðari en yfirleitt hjá bændaþjóðum Evrópu þá, en síðan kom hér einn kyrrstöðutíminn eftir annan. Innlent ástand, en ekki erlent, hratt öllu af stað. Aðalhvátir Guðmundar voru ekki kirkjuréttarkröfur né erlend heittrúarstefna, heldur neyð fátækra og sannfæring hans um rétt þeirra til lífsins.

Aðalsmark kristinnar er réttur smælingjans til lífs og þroska. Aðalsmark söguhetjanna í mörgum íslendingasögum er konungshjarta með kotungsefnum. Sögurnar og kristnin höfðu farið eldi um Guðmund, og merkin sjást. Stundum er hann norrænn höfðingi samkvæmt uppruna sínum, stundum alþýðumaður með kristið hjarta og lögmál, stundum þetta tvennt í senn, tvísæismaðnr, eins og þegar hann hughreystir Sigurð Ormsson eða deilir við Þorvarð. En í einni bæn hans sameinast

heiðni og kristni í réttlátri, glóandi reiði. Það var eftir bardagann í Grímsey. Vöskustu menn hans voru fallnir, liðinu tvístrað til fulls, en hann fangi, ver leikinn en nokkru sinni fyrr á 20 ára biskupstíð. Hann játar aldrei tilgangsleysi baráttunnar. Ósigurinn kveikir eldmóð hans. Úr því að guð tortímir smælingjum sínum, er þeim fatast tök að framkvæma vilja hans, hversu mun hann þá hegna hinum óguðlegu?

Biskup lyftir augliti sínu til himins og hrópar út í geiminn: „Hefn þú nú, drottinn!“ — Það er sagt, að hann hafi bætt við: „því at ek má eigi,“ eða samkvæmt öðru handriti: „eigi má vesalingr minn“. Manni getur fundizt, að þetta hróp hafi kallað sjö alda vanblessun yfir íslenska yfirstétt.

Þó að hér sé sparað að rekja deilur og vopnaskipti, má benda á eitt þeirra atvika, sem sýna stéttareðli baráttunnar. Nokkrum árum fyrir Grímseyjardaga, hafði Guðmundur skóla á Hólum. Aðrir biskupar létu kenna sveinum, sem höfðu efni á að kosta sig, og þótti, sem var, þjóðnytjaverk. Í skóla Guðmundar voru hins vegar nemendur, sem þurftu ókeypiss kennslu og heimavist, og þá „horfði til kostnaðar“ fyrir Hólastól. Höfðingi Skagfirðinga safnaði liði. Þeir komu óvart að Hólum um nótt, tóku biskup úr hvílu og drógu út; settu hann síðan í myrkvastofu heilan vetur sem glæpamann. Þeir ráku af staðnum allt fólk, sem biskup hafði þar, „svá meistara ok alla sveina, ok heituðusk at brenna skólann ok lið þat, er inni var“. —

Unglingarnir máttu ekki verða klerklærðir, því að þeir voru fátækir. Þeir gátu orðið hættulegir. Réttast að brenna þá inni.